

Innanríkisráðuneytið
Jón Gunnarsson samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík, 28. apríl 2017

Efni: Álit Samkeppniseftirlitsins nr. 2/2015 til innanríkisráðherra - ítrekun

Félag atvinnurekenda vísar til fyrri bréfa sinna til ráðuneytisins, dags. 26. febrúar og 3. júní 2016 og svarbréfs ráðuneytisins dags. 11. júlí 2016.

Í bréfum FA var vísað til álits Samkeppniseftirlitsins frá 22. október 2015. Álitinu var beint til innanríkisráðherra í framhaldi af kvörtun Wow Air til Samkeppniseftirlitsins vegna úthlutunar afgreiðslutíma á Keflavíkurflugvelli.

Samkeppniseftirlitið komst að þeirri niðurstöðu að fyrirkomulag við úthlutun afgreiðslutíma á Keflavíkurflugvelli raskaði samkeppni, til tjóns fyrir viðskiptavinum, keppinauta í áætlunarflugi og samfélagið allt. Eftirfarandi tilmælum var beint til innanríkisráðherra:

1. gr.

Að ráðherra beiti sér fyrir tafarlausum aðgerðum sem miði að því að draga úr þeim samkeppnishindrunum sem skilgreindar hafa verið í álitinu þessu. Við þær aðgerðir verði hagsmunum almennings af virkri samkeppni í áætlunarflugi gefinn forgangur.

2. gr.

Liður í aðgerðum samkvæmt 1. gr. er m.a. að sjá til þess að skilgreining Keflavíkurflugvallar sem flugvallar með skammtaðan afgreiðslutíma verði tekin til endurskoðunar í samræmi við álitisorð í álitinu nr. 1/2015. Verði ekki breyting á skilgreiningu flugvallarins er því beint til innanríkisráðherra að hann beiti sér fyrir setningu staðbundinna leiðbeinandi reglna um samkeppnissjónarmið sem samræmingarstjóri hafi til hliðsjónar við úthlutun afgreiðslutíma.

Félag atvinnurekenda telur afar brýnt að stjórnvöld beiti sér til að tryggja virka samkeppni á flugmarkaði. Efnahags- og framfarastofnunin, OECD, hefur hvatt íslensk stjórnvöld til að ganga harðar fram til að tryggja samkeppni og styðja betur við samkeppnisyrðir. Úthlutun afgreiðslutíma í Keflavík var eitt þeirra dæma sem stofnunin tiltók sérstaklega.

Í bréfum FA var spurt:

- Hefur ráðherra beitt sér fyrir aðgerðum til að draga úr samkeppnishindrunum við úthlutun afgreiðslutíma á Keflavíkurflugvelli?
- Ef svo er, til hvaða aðgerða?
- Ef ekki, hvers vegna ekki?

Í svarbréfi ráðuneytisins frá því í júlí á síðasta ári var spurningunum í raun ekki svarað, heldur greint frá því að málið væri í vinnslu innan ráðuneytisins og vinnunni ætti að ljúka haustið 2016.

Félagið telur ekki boðlegt að einu og hálfu ári eftir að tilmæli Samkeppniseftirlitsins voru gefin út, hafi ráðherra ekki brugðizt við þeim með neinum hætti. Það getur að minnsta kosti ekki flokkazt undir „tafarlausar aðgerðir“. Í ljósi þess að ekkert hefur frézt af niðurstöðu vinnunnar leyfir FA sér að ítreka spurningar sínar til ráðherra og óskar svars hið fyrsta.

Með vinsemd og virðingu,



Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri FA